



## Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

12. fundur stjórnar 2022-2023 mánudaginn 27. mars 2023

kl. 16.00 – 19.00 á skrifstofu félagsins Bændahöllinni v/Hagatorg

Mætt: Pétur Henry Petersen formaður, Guðný Björk Eydal, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Á Teams: Grétar Þór Eyþórsson.

Forföll: Engilbert Sigurðsson og Ingibjörg Svala Jónsdóttir.

Gestur fundarsins: Friðrik Jónsson formaður BHM.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

### Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Staðan í kjaraviðræðum.
  - a) Tilboð ríkisins. Farið yfir stöðu mála.
  - b) 7. gr. sbr. samkomulag frá 2016 um jöfnun launa - Áfangasamkomulag dags. 23. mars 2023.
  - c) Friðrik Jónsson formaður BHM kemur á fundinn kl. 17.00.
2. Önnur mál.

### Fylgiskjöl með fundargerð:

1. Minnisblað vegna kjaraviðræðna FPR við SNR - drög
2. Minnisblað FPR: Vegna stofnanasamninga og kjaramála 2023 – drög
3. Áfangasamkomulag um jöfnun launa dags. 23. mars 2023

Pétur Henry Petersen formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 16.05.

### 1. Staðan í kjaraviðræðum.

#### a) Tilboð ríkisins. Farið yfir stöðu mála.

Formaður fór yfir tilboð ríkisins og fund BHM deginum áður þar sem lokatilboð var kynnt sem BSRB og KÍ voru ekki búin að sjá. Ekki er vilji fyrir því að samþykkja án þess að þau séu með á ráðum. Frá og með morgundeginum verða samráðsfundir BHM daglega kl. 8 á morgnana þar sem hlutirnir eru að gerast mjög hratt. Samningsumboðið er hjá FPR og getur félagið hafnað samningi þó að BHM skrifi undir. Félög BHM geta síðan sótt sínar sérkröfur, þannig að FPR er ekki bundið að samningum við BHM en sá samningur er grunnurinn, við förum aldrei neðar en hann.

Formaður varpaði upp á skjá glæru BHM sem sýndi hvernig prósentuhækkunir koma út miðað við hvaða tekjur fólk er með á ákveðnu bili. Þá sýndi hann launatatöflu prófessora þar sem búið er að reikna út hvernig útkoman er miðað við tilboð ríkisins. Þá er í skoðum að síkka launatöfluna um þrjá launaflokka sem er tillaga frá BHM.

Það félag sem myndi hækka mest innan BHM fengi um 7.2% hækkun en lægsta hækkunin er hjá FPR með um 6,8%. Þeir innan FPR sem myndu lenda í hámarkinu er um 56% félagsmanna. Þeir myndu fá að meðaltali 6,4% hækkun.

Formaður kynnti drög að minnisblaði vegna kjaraviðræðna FPR og SNR um málið og viðbrögð FPR við tilboði ríkisins sem liggur fyrir.

Rætt var um hvort FPR ætti að draga tilbaka samningsumboð BHM. FPR getur ekki samþykkt prósentuhækkanir með hámarki.

**b) 7. gr. sbr. samkomulag frá 2016 um jöfnun launa - Áfangasamkomulag dags. 23. mars 2023.**

Formaður fór yfir áfangasamkomulag Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga við BHM, BSRB og KÍ sem undirritað var 23. mars sl. Það samkomulag tengist samkomulagi um jöfnun launa á grundvelli 7. gr samkomulags aðila um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem samið var um 19. september 2016. Þá var gert samkomulag um að skerða lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna og bæta réttindi á almanna markaðnum en jafna launin á móti hjá þeim starfsstéttum sem eru með ómálefnalegan launamun hjá hinu opinbera samanborið við einkageirann. Ríki og sveitarfélög ætluðu að leggja til fjármagn í verkefnið sem hefur ekki verið gert.

Ólafur kom kl. 16.50.

Í áfangaskomulaginu frá 23. mars eru háskólakennarar með en ekki prófessorar og munu því ekki fá leiðréttingu á kjörum að þessu sinni. Rætt var um ástæðu þess að prófessorum er haldið utan við samkomulagið í þessum áfanga og nauðsyn þess að bæta úr því.

**c) Friðrik Jónsson formaður BHM kemur á fundinn kl. 17.00.**

Formaður BHM kom kl. 17.00.

Rætt var um óánægju með kjarasamningana er liggja fyrir og áfangasamninginn varðandi 7. gr. Friðrik ræddi jöfnun launa og sagði að prófessorar væru betur settir þar sem launasetning er hærri hjá þeim borið saman við aðra hópa og herra hlutfall í B-deild og hlutfallslega fleiri í jafni ávinnslu í A-deild. Formaður áréttaði að það þyrfti að skoða betur og væri ekki endilega rétt skv. bráðabirgðargögnum félagsins.

Þá var almennt rætt um stöðuna og hvernig hún snýr við FPR, hvaða leiðir séu mögulega færar.

Friðrik fór kl. 18.10.

**2. Önnur mál.**

**Samninganefnd FPR.**

Samþykkt var að Ólafur taki sæti Hólmfríðar á meðan hún er í leyfi frá og með 14. apríl.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 19.00.

Fundarritari: LÞ.